

## **Hreinsun á lóðum og lendum -númerslausir bílar og lóðahreinsanir**

Undanfarin 30 ár hefur heilbrigðiseftirlitið límt á bifreiðar að ósk einstakra sveitarfélaga og reikningur sendur viðkomandi sveitarfélagi og sveitarfélag síðan séð um framkvæmd. Að fresti liðnum tekur eftiritið stjórnvaldsákvörðun um að fjarlægja viðkomandi bifreið. Framkvæmdin þ.e. að fjarlægja bifreið og geyma í tilskilinn tíma hefur verið framseld til sveitarfélaga. Oft hefur eftirfylgni ekki verið sinnt. Eftir nýja úrskurði hefur verkferill vegna númerslausra ökutækja verið lengdur umtalsvert. Þar sem um er að ræða vörslusviftingu þá þarf að vanda stjórnsýslu þessara verkefna. Á síðustu árum hefur þetta verklag fengið athugasemdir í gegnum úrskurðarnefnd og umboðmann Alþingis. Stjórnsýsluferillinn við þessi verkefni hefur því lengst töluvert og utanumhald aukist. Tvö svæði hafa farið þá leið að ráða sér fulltrúa sem sinnir eingöngu umhverfiseftirliti, lóðahreinsunum og númerslausum bifreiðum.

Gert er ráð fyrir að verkefnið Hreinir Vestfirðir sé **kostað af sveitarfélögum**. Annar kostnaður td. flutningur á bílhæum eða hreinsanir á lóðum er gert ráð fyrir að eigendur borgi. Þar sem um lóðahreinsanir er að ræða er lögveðsréttur í viðkomandi lóð eða fasteign, varðandi númerslausar bifreiðar þá er á Suðurnesjum sendur reikningur á síðasta skráða eiganda fyrir kostnaði við geymslu og fjarlægingu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja er með skráðan verkferil varðandi númerslausar bifreiðar og lóðahreinsanir sem staðist hefur álit úrskurðarnefndar. Eigendur sem sinna ekki álímingum eru látnir greiða kostnað við að fjarlægja hlut eða bifreið.

Verkferill varðandi lóðahreinsanir er enn lengri og krefst bréfaskrifta og mikils utanumhalds. Lagaheimildir til handa heilbrigðiseftirliti eru fyrir hendi fyrir lóðahreinsunum og fjarlægingu á númerslausum bifreiðum. Þessi verkefni heilbrigðiseftirlitsins eru heimildarákvæði meðan önnur verkefni eru lögbundin og njóta því forgangs.

Heilbrigðiseftirlitið með núverandi mannskap hefur ekki tíma til umráða til að sinna þessum verkefnum til viðbótar öðrum verkum. Tvö heilbrigðiseftirlitssvæði hafa farið af stað með sérverkefni varðandi númerslauar bifreiðar og lóðahreinsanir, þ.e. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, þar sem heilbrigðiseftirlitin hafa ráðið inn starfsmann í þetta verkefni. Hægt er að nálgast kynningarefni frá þessum svæðum á heimasíðum þeirra.

Verkefnið Hreinir Vestfirðir er ætlað að nýta þekkingu og reynslu frá öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum í sambærilegt verkefni á Vestfjörðum.